

HVERFISRÁÐ BREIÐHOLTS

Árið 2015, þriðjudaginn 17. nóvember, var haldinn 118. fundur Hverfisráðs Breiðholts. Fundurinn var haldinn í G-sal í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi og hófst kl. 16.15. Viðstödd voru Nichole Leigh Mosty formaður, Aðalheiður Frantzdóttir og Elíasbet Ólöf Helgadóttir. Einnig voru mættir Sveinn Hjörtur Guðfinnsson áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi Íbúasamtakanna Betra Breiðholts, Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri og Arnar Snæberg Jónsson verkefnisstjóri sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Formaður Íbúasamtakanna Betra Breiðholts skýrði frá nýrri stjórn og framtíðarsýn samtakanna. Rætt um að stefna að góðu samstarfi við samtökin um margvísleg framfaramál.
2. Farið stuttlega yfir stefnumótun sem fram fór á starfsdegi hverfisráðs 3. nóvember sl. Samþykkt að fresta umfjöllun um stefnumið og framtíðarsýn til næsta fundar.
3. Farið yfir styrkveitingar hverfisráðs á árinu 2015. Samþykkt að óska eftir greinargerðum um nýtingu fjáris frá styrkþegum.
4. Kynning á fyrirspurnum og ályktun húsfélags og íbúa í Árskógum 6-8 til Umhverfis- og skipulagssviðs varðandi breytingar á deiliskipulagi fyrir Suður-Mjódd. Hverfisráð Breiðholts leggur til að komið verði á fundi íbúa í Árskógum 6-8 og fulltrúa Umhverfis- og skipulagssviðs um málið eins fljótt og kostur er. Jónas Gestsson formaður og Þórey S. Guðmundsdóttir ritari húsfélagsins tóku sæti á fundinum undir þessum lið.
5. Skýrt frá umræðu á sameiginlegum fundum formanna hverfisráða í Reykjavík.
6. Rætt um möguleika á auknu samstarfi við Ungmennaráð Breiðholts. Formaður hefur fundað með umsjónarmönnum ungmennaráðsins. Samþykkt að sækjast eftir fundi með ungmennaráði í desember.

Fundi slitið kl. 18:00

Nichole Leigh Mosty

Elíasbet Ólöf Helgadóttir

Aðalheiður Frantzdóttir